

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 16. október 2020
UST202003-295/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.9.2020, hjá Arctic Sea Farm hf.

Þann 1.9.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Arctic Sea Farm hf., Patreksfirði og Tálknafirði í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila er ekki heimil losun önnur losun á efnum sem talin eru upp á listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en á fosfór. Rekstraraðili notast við koparlitaðar nætur við eldi sitt í Patreksfirði og Tálknafirði án heimildar. Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. nóvember, 2020.

Einnig er starfað eftir úrbótaáætlun vegna eldra fráviks sem skráð var í ágúst 2019 og varðaði umgengni á athafnasvæði Arnarlax og Arctic Sea Farm á Sandodda í Patreksfirði, sjá umfjöllun í eftirlitsskýrslu. Hreinsun svæðisins verður tekin út af eftirlitsaðila í október 2020. Umhverfisstofnun óskar eftir því að áður en vinna hefst við samsetningu kvíahringja á svæðinu aftur liggi fyrir áætlun, samþykkt af Umhverfisstofnun, hvernig rekstraraðiliar hyggist fyrirbyggja að slíkt gerist aftur.

Virðingarfyllt

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

G. Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arctic Sea Farm	01.09.20	Patreksfjörður og Tálknafjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
700807-0450	26.08.35	Já	Sjókvíaeldi á laxi allt að 6800 tonn á ári en hámarks lífmassi á hverjum tíma 7800 tonn.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Engu var slátrað á árinu 2019, fyrstu útsetningar voru á því ári. Lífmassi þegar vettvangsheimsókn fór fram var tæp 6200 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Kominn fóðurprammi í Hvannadal. Fleiri hrognkelsum var bætt við í Kvígindisdal um miðjan ágúst. Verið er að skoða hvort setja þurfi hrognkelsi út í Hvannadal. Rekstraraðili skipti um fóðurframleiðanda í sumar. Búið er að sækja um breytingu á starfsleyfi m.t.t. þess að koparnætur verði leyfilegar. Vottunarferli ASC vottunar fór fram í sumar. Engar aðrar breytingar á starfsemi eru áætlaðar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar í Fish Talk og EQS.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 30. apríl sl.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 30. apríl sl.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Er til staðar í EQS og aðgengilegt starfsmönnum. Var uppfært eftir að fóðurprammi kom í Tálknafjörð.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í gildi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Búin í vottunarferli ASC fyrir staðsetningar leyfisins, en vottunarskírteinið var ekki komið. Kemur núna í september ef allt gengur eftir.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðrun er stýrt úr fóðurprömmum með myndavélum. Einungis handfóðrað ef um nýútsett seiði er að ræða.
Er skráning á losun fósórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Reiknað og skilað með grænu bókhaldi. Þó ekki sett fram sem kg/framleitt tonn þar sem engin slátrun var.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Kafarar skoða og myndavélar sjá eitthvað ef skyggni er nóg. Ekki sást mikill þörungablómi en svoltið af fugli, bæði dauðum í netum og einn inni í kví sem starfsmenn ætluðu að fara hleypa út.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Í lagi.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíaelði

Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			<p>8 kvíar í Kvígindisdal, 4011 tonna lífmassi, tæp milljón fiska og meðalþyngd um 4 kg. 5,5 kg í þeirri kví þar sem fiskurinn er stærstur.</p> <p>11 kvíar í Hvannadal, tæplega 1300 þúsund fiska, meðalþyngd um 1,7 kg og lífmassi 2162 tonn.</p>
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			<p>Slátrun er áætluð upp úr fyrstu kví í Kvígindisdal í haust og miðað er við að hún klárast í Patreksfirði í febrúar.</p> <p>Slátrun í Hvannadal hefst ekki fyrr en vor 2021.</p> <p>Næsta útsetning er þá ætluð eftir hvíld í Kvígindisdal, í ágúst/september 2021.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Sjósýni verða tekin í samræmi við vöktunaráætlun, við hámarkslífmassa í vetur/vor.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Allur úrgangur annar en dauðfiskur fer til Terra. Viðskiptamannayfirlit til staðar.</p> <p>Dauðfiskur fer í meltutanka um borð og er sóttur af Arctic Protein / Hordaför.</p>
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vöktun er í samræmi við vöktunaráætlun.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			<p>Vöktunarskýrslum er skilað jafnóðum og þær berast rekstraraðila.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar þó eftir því að samantekt niðurstaðna verði gerð í ársskýrslu vöktunar og send fyrir 1. maí ár hvert með ársyfirliti og umhverfisupplýsingum undangengins almanaksárs.</p>
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			<p>Hámarkslífmassalífmælingar í vetur og vor í samræmi við vöktunaráætlun.</p> <p>Akvaplan niva sér um sýnatöku.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði**

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Við reglubundið eftirlit 2019 var enn opið frávík vegna umgengni á athafnasvæði rekstraraðila á flugbrautinni við Sandodda frá því um sumarið. Engin ný frávík komu fram við eftirlitið en ábending var gerð vegna uppfærslu vöktunaráætlunar.

Samantekt:

Skv. upplýsingum frá rekstraraðila eru koparlitaðar nætur í öllum kvíum sem eru í notkun. Ekki er heimild til notkunar koparlitaðra nótna í starfsleyfi og er því skráð frávík þess efnis. Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi og er umsóknin til meðferðar hjá stofnuninni.

Þrjár ábendingar voru gerðar er snúa að vöktunaráætlun, ársskýrslu vöktunar, og umgengni við athafnasvæði Arctic Sea Farm og Arnarlax á flugbrautinni við Sandodda.

Í vettvangsheimsókninni þann 1. september var siglt út að kvíum frá höfninni á Patreksfirði. Farið var fyrir Tálkna og aðstæður skoðaðar í Hvannadal og svo var farið inn Patreksfjörðinn aftur og aðstæður skoðaðar við Kvígindisdal. Að skoðunarferð lokinni var farið yfir framleiðslugögn, áætlanir og skráningar á skrifstofu rekstraraðila á Patreksfirði.

Þann 30. ágúst var hreinsun athafnasvæðis við Sandodda tekin út.

Annað:

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm hf Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	1.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið en þrjár ábendingar eru gerðar er snúa að vöktunaráætlun, ársskýrslu vöktunar og umgengni.

Enn er opið frávik sem skráð var við fyrirvaralaust eftirlit á athafnasvæði rekstraraðila við Sandodda 2019, og snýr að umgengni á svæðinu.

Skv. upplýsingum rekstraraðila er unnið að úrbótum. Hreinsun svæðisins verður tekin út af eftirlitsaðila í október 2020.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang vettvangsheimsóknarinnar var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Koparnætur og breyting á starfsleyfi
- Skráningar
 - o Innra eftirlit sbr. gr. 4.1
- Áætlanir og tilkynningar
- Trygging v. bráðamengunar
- Gagnaskil sbr. gr. 4.2 og 4.3
- Vöktun
 - o Vöktunarskýrslur og mælingar
 - o Vöktunaráætlun
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Umgengni um mengandi efni
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017
- Sandoddi.
- Aðbúnaður við kvíar og á fóðurprómmum skoðaður

Þann 30. ágúst fór eftirlitsaðili ásamt fulltrúum Arctic Sea Farm, Arnarlax, Egersund Island, Vesturbyggðar og Pípulagningarþjónustu Vilhjálms/Axels, PVA, að taka út athafnasvæði þar sem kvíar eru settar saman fyrir fiskeldisfyrirtækin tvö við flugbrautina á Sandodda.

Egersund hefur unnið að því fyrir hönd AKVA group, í samráði við rekstraraðilana Arnarlax og Arctic Sea Farm sem og Umhverfisstofnun að hreinsa svæðið eftir að fyrirvaralaust eftirlit stofnunarinnar fór fram þann 13. ágúst 2019 og vinnu verktakans lauk þar síðastliðið haust.

Þann 17. júlí sl. sendi fulltrúi Egersund stofnunarinnar lokaskýrslu og myndir þess til staðfestingar að hreinsun væri lokið af þeirra hálfu.

Nýir verktakar, PVA, hófu vinnu við samsetningu kvía á svæðinu í sumar. Lögð var mikil áhersla frá hendi Umhverfisstofnunar á forvarnir yrðu viðhafðar til að hindra að plast færi út í umhverfið á meðan vinnunni stæði. Hinsvegar var það greinilegt þegar skoðun á svæðinu fór fram að það hefur ekki tekist og talsvert af plasti var í sandinum við athafnasvæðið.

Þrátt fyrir að fulltrúar Egersund telji sig hafa lokið hreinsun vegna þeirrar mengunar sem af starfsemi þeirra hlaut mun stofnunin ekki loka frávikinu sem skráð var 2019 fyrr en hreinsun er talin fullnægjandi, þar sem frávikkið er skráð

á handhafa starfsleyfisins en ekki verktakana. Skv. fulltrúum Arnarlax og Arctic Sea Farm, þann 24. september sl. hafði verktaki hafist handa við hreinsun svæðisins, nú þegar vinnu ársins er þar lokið. Verktaki hugðist grófhreinsa svæðið og í kjölfarið hreinsa upp plastagnir.

Eftirlitsaðili mun taka út hreinsunina í október. Stofnunin leggur mikla áherslu á að fyrbyggjandi aðgerðir verði auknar næst þegar svæðið verður notað til slíkrar samsetningar kvíahringja, því ekki er ásættanlegt að plast fari út í umhverfið í þessu magni sem hér um ræðir.


Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 3.4 í starfsleyfi

Rekstraraðila er ekki heimil losun önnur losun á efnum sem talin eru upp á listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en á fosfór.

Rekstraraðili notast við koparlitaðar nætur við eldi sitt í Patreksfirði og Tálknafirði án heimildar. Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi.



ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir því að vöktunaráætlun taki mið af skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um lyf gegn laxalús, virkni, áhrif og notkun (HV 2019-56).

Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því vöktunaráætlunin verði uppfærð m.t.t. áhrifa eldisins á fugla- og dýralíf í firðinum.

Eftirlitsaðili óskar eftir því að ársskýrsla vöktunar, með samantekt niðurstaðna undangengins árs sé skilað til stofnunarinnar ásamt ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.

Umhverfisstofnun bendir á að frávik vegna umgengni við Sandodda er enn opið. Umhverfisstofnun óskar eftir því að áður en vinna hefst við samsetningu kvíahringja á svæðinu aftur liggi fyrir áætlun, samþykkt af Umhverfisstofnun, hvernig rekstraraðiliar hyggist fyrirbyggja að slíkt gerist aftur.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.10.2020


Hulda Soffía Jónasdóttir